

Nd.

501. Nefndarálit

[177. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess. Þó telur nefndin rétt að gera á því nokkrar breytingar. Rétt þykir að ákveða staðsetningu Vestfjarðaskólans á Ísafirði samkvæmt óskum Vestfjarðabíngmanna og taka skýrt fram, að hugsanlegur skóli í nágrenni Reykjavíkur þurfi ekki að vera heimavistar-skóli. Loks þykir ekki ástæða til að taka fram um þrjá menntaskólanna, að þeir skuli reistir, þegar fé er til þeirra veitt á fjárlögum. Þar sem menntamálaráðherra hefur þegar skýrt þinginu svo frá, að ríkisstjórnin hyggist gera tillögur um fjárveitingar til þessara skóla í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár, þykir ekki þörf að nefna þetta atriði sérstaklega í lögnum.

Frv. þetta er sama efnis og þrjú önnur frv. um menntaskóla, sem til n. hefur verið vísað. N. telur þau frv. efnislega afgreidd með þessu frv.

Menntamálanefnd leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. frv. orðist svo:

1. gr. laga nr. 58/1946 orðist svo:

Menntaskólar skulu vera sex, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Heimilt er að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni.

Menntaskólar utan Reykjavíkur eða nágrennis skulu vera heimavistarskólar. Heimilt er að koma framangreindum skólum á fót í áföngum, bæði að því er varðar kennslu og byggingu húsnæðis fyrir þá.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að koma á fót kennslu í námsefni fyrsta bekkjar menntaskóla við gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, svo og kostnaður við menntaskóladeildir, er komið kann að verða á fót við gagnfræðaskóla samkvæmt heimild þessarar lagagreinar.

Alþingi, 21. apríl 1965.

Benedikt Gröndal, Gunnar Gíslason, Einar Olgeirsson, Sigurvin Einarsson.
form., frsm. fundaskr.

Björn Fr. Björnsson. Davíð Ólafsson. Einar Ingimundarson.